

Því úrskurðast:

75

19. apríl

Hreppsnefnd Akrahrepps greiði hreppsnefnd Þóroddsstaðarhrepps kr. 192.90, en sje að öðru leyti laus við kröfur síðastnefnds hrepps í þessu máli.

Þerta birtist hreppsnefndinni hjermeð, og ber henni að greiða hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

Brjef stjórnarráðsins til frikirkjuprests Ólafs Olafssonar um staðfesting á forstöðumanni frikirkjusafnaðar í Hafnarfirði.

76

8. maí

Með brjefi, dags. 25. f. m., hefir stjórn hins nýstofnaða frikirkjusafnaðar í Hafnarfirði, Garða- og Bessastaðahreppum skýrt stjórnarráðinu frá því, að söfnuðurinn hafi kosið yður fyrir forstöðumann safnaðarins, og farið þess á leit að kosningin yrði staðfest.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir safnaðarstjórninni, að stjórnarráðið hefir samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 6, 4. mars 1904, í dag staðfest kosningu yðar til forstöðumanns nefnds utanþjóðkirkjusafnaðar.

Í sambandi hjer við skal athygli yðar leitt að því, að samkvæmt 14. gr. í lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, ber yður áður en þjer framkvæmið embættisverk í söfnuðinum að sýna sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu staðfesting þessa á kosningu yðar, svo og afhenda honum skriflegan eiðstaf eða yfirlýsingu yðar um það, að hegða yður í þessari stöðu samkvæmt lögum.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.

77

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá kaupmanni Sigfúsi Bjarnasyni um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Danmörku um, að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar í landi, og að hann sje fluttur hingað beina leið.
2. Að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer í land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
3. Að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknisins í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynt þetta hjeðan.